

## BORGARRÁÐ

Ár 2024, fimmtudaginn 1. febrúar, var haldinn 5733. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:00. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Andrea Helgadóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hildur Björnsdóttir og Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir. Einnig sátu fundinn áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björg Magnúsdóttir, Ívar Vincent Smáráson og Þorsteinn Gunnarsson. Fundarritari var Bjarni Þóroddsson.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram ráðningarbréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 31. janúar 2024.
- Kl. 9:07 taka Dóra Björt Guðjónsdóttir og Ebba Schram sæti á fundinum. MSS24010121

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gera athugasemdir við að aldrei hafi verið gert nýtt ráðningarbréf fyrir fyrrum borgarstjóra, Dag B. Eggertsson, þegar hann tók aftur við starfi borgarstjóra á nýju kjörtímabili í júní 2022. Telja fulltrúarnir að borgarráð hefði þurft að ákveða starfskjör borgarstjóra sérstaklega í skriflegum ráðningarsamningi, sem jafnframt hefði þurft staðfestingu borgarstjórnar. Í 2. mgr. 54. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 segir að sveitarstjórn skuli gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími skuli að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Það er því ljóst að ráðningartíma borgarstjóra fyrir kjörtímabilið 2018 til 2022 lauk þegar nýtt kjörtímabil hófst. Ekki hafi því verið unnt að líta svo á að eldri ráðningarsamningur, sem gerður var af fyrrum borgarstjórn, væri enn í gildi. Hefði ný borgarstjórn þurft að taka afstöðu til starfskjara borgarstjóra, en það var aldrei gert þrátt fyrir athugasemdir oddvita Sjálfstæðisflokks. Telja fulltrúarnir jafnframt að fyrirbyggjandi ráðningarbréf nýs borgarstjóra þurfi staðfestingu borgarstjórnar eða borgarráðs sbr. fyrrgreint ákvæði sveitastjórnarlaga.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst merkilegt að sjá þetta ráðningarbréf. Borgarstjóri er með vegleg laun, meira en helmingi hærra en laun borgarfulltrúa, þeirra sem eru með hæstu álagsgreiðslurnar. Borgarstjóri hefur afnot af embættisbifreið og sennilega einnig einkabílstjóra eins og fyrrverandi borgarstjóri. Ekki kemur fram hvort borgarstjóri greiðir skatt af afnotum af embættisbifreið, s.s. vegna einkanota. Hvað sem þessu líður er efst í huga Flokks fólksins við þessi tímamót að með þessum breytingum verði lögð áhersla á að eiga betra samstarf og samvinnu við minnihlutafulltrúa, vinna með þeim en ekki hunsa þeirra vinnu eða gera lítið úr henni. Leggja ætti áherslu á breytt og betri vinnubrögð og betri framkomu en ríktu í tíð fyrrverandi borgarstjóra.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. janúar 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. janúar 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar, Örfirisey, vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Fiskislóð, ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Sócialistaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23100095

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks gera ekki athugasemdir við uppsetningu eldsneytisdæla og rafhleðslustöðva við Fiskislóð 15-21. Málið hangir þó á framtíðaráformum um lóðina að Ægisíðu 102. Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur þegar lagt til friðun þess húsnæðis sem nú stendur á lóðinni og hýsir bensínstöð. Byggir Borgarsögusafn þá tillögu á bæði menningarsögulegu og byggingarlistarlegu gildi hússins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja eðlilegt að taka tillit til þeirra sjónarmiða, en jafnframt að sú uppbygging sem fram fer á lóðinni til framtíðar feli í sér lágreist húsnæði í anda þeirrar byggðar sem er ríkjandi í Vesturbæ. Jafnframt verði tekið til skoðunar að koma fyrir leikskólahúsnæði á lóðinni, enda þörf fyrir leikskólaláss gríðarleg í Reykjavík.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt til að stofnaður verði sérstakur átakshópur í húsnæðismálum með erindisbréfi. Hlutverk hans verði fyrst og fremst að horfa til uppbyggingar til næstu tveggja ára og hafi það að meginmarkmiði að styðja við að uppbygging hefjist á byggingarhæfum lóðum og að fyrirliggjandi skipulagsverkefni verði klárðu hratt og örugglega. Einnig verði skoðuð möguleg ný svæði sem gætu hentað til uppbyggingar og að gengið verði markvisst til verks við að gera svæðin byggingarhæf.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS24010235

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að samþykkja átak í húsnæðisuppbyggingu þar sem leitað verður allra leiða til að styðja við hröðun uppbyggingar í borginni. Hægst hefur á uppbyggingu húsnæðis í samfélaginu undanfarið þar sem uppbyggingaraðilar hafa haldið að sér höndum vegna háa vaxtastigs, um leið er þörfin fyrir húsnæði knýjandi í kjölfar náttúruhamfara í Grindavík. Mikilvægt er að rýna tækifæri til að flýta uppbyggingu innan marka stefnumótunar borgarinnar frá fjölbreyttu sjónarhorni, bæði skipulagslegu sem og pólitísku. Sérstakur átakshópur mun koma með aukinn kraft inn í flýtingu skipulagsferla í skilvirku og góðu samstarfi við hag- og uppbyggingaraðila.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

Í júníbyrjun árið 2022 kallaði þáverandi formaður borgarráðs, Einar Þorsteinsson, eftir þátttöku allra oddvita í þverpólitískum stýrihóp um húsnæðismál. Hann kynnti hópinn í fjölmiðlum og sagði hópinn eitt af hans fyrstu verkum í starfi formanns

borgarráðs. Nú skyldi „borað ofan í“ húsnæðismálin, hann ætlaði ekki að láta standa á borginni þegar kæmi að því að gefa verktökum og iðnaðinum svigrúm til að byggja í borginni. Nú eru liðnir 20 mánuðir, hópurinn hefur aldrei fundað og þáverandi formaður borgarráðs ekkert gert til að koma hópnum á laggirnar. Nú er sami maður orðinn borgarstjóri Reykjavíkur og aftur segir hann sitt fyrsta verk í því embætti vera að stofna áttakshóp í húsnæðismálum, í þetta skiptið skipaðan fagfólki. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að betur hefði farið á því að í hópnum sætu jafnframt fulltrúar borgarstjórnar, í ljósi þess að fyrri hópur hefur dagað uppi. Við vonum þó að borgarstjóri láti loks hendur standa fram úr ermum, nú þegar nærri helmingur er liðinn af kjörtímabilinu, og geri eitthvað áþreifanlegt í þeim bráðavanda sem skapast hefur á húsnæðismarkaði.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflökks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Ánægjulegt er að standi til að gera átak um að greiða úr mögulegum kerfislægum tögum við húsnæðisuppbyggingu í borginni. Ástandið á húsnæðis- og leigumarkaði hefur valdið stækkandi hópi fólks óheyrilegum vanda og er einn stærsti áhrifavaldur í erfiðum efnahagslegum veruleika þeirra sem tekjulægri eru, sem og vaxandi hluta millitekjufólks. Það er ánægjulegt að heyra að stefnt sé að því að stuðla að því að óhagnaðardröfin félög og verktakar nái saman svo framkvæmdir hefjist þar sem tafir hafa orðið vegna lánaumhverfis, þó að ekkert sé um það beinlínis í erindisbréfi áttakshópsins. Sósíalistar treysta á það að nýr borgarstjóri beiti sér fyrir því að standa við það. Við treystum sömuleiðis á að hópurinn sé duglegur að leita til verkalyðshreyfingarinnar sem býr yfir reynslu, gríðarlegri þekkingu á stöðunni og getu til að hreyfa við málum. Þó að verið sé að fylgja stefnu og viðmiðum um húsnæðisuppbyggingu, þá er rétt að leggja áherslu á að þó að gerð séu viðmið um lágmark óhagnaðardröfinnar húsnæðisuppbyggingar er ekkert sem bannar að stjórnvald geri umfram.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Átak í húsnæðismálum í Reykjavík er löngu tímabært. Enda þótt byggt hafi verið allnokkuð í Reykjavík síðustu misseri hefur ekki verið byggt nándar nóg. Um þetta hefur Flokkur fólksins talað lengi og bent á að of mikil stífni hafi ríkt í úthlutun lóða hjá þessum og síðasta meirihluta. Sjálfsgagt hefur verið að þetta byggð víða í Reykjavík þar sem byggð er dreifð en það þarf meira til. Það þarf að brjóta nýtt land undir byggð og hafa meiri sveigjanleika við úthlutun lóða. Reykjavík verður að finna leiðir til að bjóða þeim sem vilja og geta byggt hús, fleiri lóðir og skipuleggja fleiri svæði til að byggja á. Það veltur á Reykjavík hvernig til tekst á húsnæðismarkaði. Þá þarf að stækka uppbyggingarsvæði á höfuðborgarsvæðinu. Haldið er of fast um tauminn og þétting byggðar er orðin meira en eitthvað sem gagnast fólkinu.

4. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, þar sem drög að erindisbréfi starfshóps um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda er sent borgarráði til kynningar, ásamt fylgiskjöllum.

Eiríkur Björn Björgvinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.  
MSS24010136

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða erindisbréf frá borgarstjóra og sem venjulega þurfa embættismenn ekki að taka ábyrgð eða frumkvæði, og fara vel með fé, því ávallt kemur fram í þessum erindisbréfum að „starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á“. Að leita alltaf ráða hjá verkfræðistofum og/eða auglýsingastofum gerir embættismenn ósjálfstæða og jafnvel ábyrgðarlaus. Fulltrúi Flokks fólksins vill að þessi klausa sé tekin út úr svona erindisbréfum því hún er nánast hvatning til að eyða peningum sem mest. Það þarf ekki að minna sífellt á að „kaupa ráðgjöf“. Ef sú staða kæmi upp að hópurinn þyrfti mögulega að kaupa utanaðkomandi ráðgjöf þá hlýtur hann að geta gert það upp að einhverju marki án þess að honum sé sagt að gera það í erindisbréfi. Það er ekki eðlilegt að hópur geti ekki starfað án þess að ráða þurfi sérhæfð ráðgjafafyrirtæki til að halda utan um hópinn og skrifa fundargerðir. Svona var þetta ekki á árum áður.

5. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, þar sem drög að erindisbréfi starfshóps vegna hönnunar aðaluppdráttu og gerð kostnaðarmats fyrir fjölnota íþróttahús að Hlíðarenda er sent borgarráði til kynningar, ásamt fylgiskjölum.

Eiríkur Björn Björgvinsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.  
MSS24010134

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða erindisbréf frá borgarstjóra og sem venjulega þurfa embættismenn ekki að taka ábyrgð eða frumkvæði, og fara vel með fé, því ávallt kemur fram í þessum erindisbréfum að „starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á“. Að leita alltaf ráða hjá verkfræðistofum og/eða auglýsingastofum gerir embættismenn ósjálfstæða og jafnvel ábyrgðarlaus. Fulltrúi Flokks fólksins vill að þessi klausa sé tekin út úr svona erindisbréfum því hún er nánast hvatning til að eyða peningum sem mest. Það þarf ekki að minna sífellt á að „kaupa ráðgjöf“. Ef sú staða kæmi upp að hópurinn þyrfti mögulega að kaupa utanaðkomandi ráðgjöf þá hlýtur hann að geta gert það upp að einhverju marki án þess að honum sé sagt að gera það í erindisbréfi. Það er ekki eðlilegt að hópur geti ekki starfað án þess að ráða þurfi sérhæfð ráðgjafafyrirtæki til að halda utan um hópinn og skrifa fundargerðir. Svona var þetta ekki á árum áður.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi Seljahlíðar, heimili aldraðra, og Sjúkratrygginga Íslands um frestun uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að Hjallaseli 55.

Samþykkt.

Vísað til kynningar hjá velferðarráði.

Anna Sigrún Baldursdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.  
MSS24010165

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins fagnar því að fresta eigi uppsögn og þar með verklokum um 12 mánuði. Flokkur fólksins mótmælti því á sínum tíma að rekstur 20 hjúkrunarrýma í

Seljahlíð yrði lagður niður á meðan ekki liggur fyrir nánari útfærsla. Nú þegar eru alltof fá hjúkrunarheimili. Á meðan ekki er tryggt að jafnmörg ef ekki fleiri hjúkrunarrými komi í staðinn þá fannst fulltrúa Flokks fólksins ekki hægt að styðja þessa tillögu um uppsögn.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í frekari viðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu Íslandssögu með mögulega samlegð og hagkvæmni í huga í samræmi við hjálagt minnisblað um tillögu um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur. Jafnframt er lagt til að skipuð verði sérstök útgáfunefnd af Reykjavíkurborg sem hefur umsjón með útgáfu á ritum borgarinnar samkvæmt samningi við Sögufélag. Samningur þess efnis verður lagður fyrir borgarráð til staðfestingar og verður háður fjárhagsáætlun hvers árs.

Samþykkt.

Guðbrandur Benediktsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS23010193

Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna vill þakka fyrir góða vinnu og ábendingar Guðbrands Benediktssonar safnstjóra Borgarsögusafns við tillögu Vinstri grænna um söguritun Reykjavíkur. Áform Sögufélags um útgáfu smárita um sögu Íslands eru afar spennandi og rit um einstaka þætti úr sögu Reykjavíkur gætu orðið frábær viðbót við þá útgáfu og aukið áhuga og skilning borgarbúa á sögu sinni. Niðurstaðan er því skynsamleg og ánægjulegt verður að fylgjast með verkefninu raungerast.

8. Afgreiðsla undir þessum lið er færð í trúnaðarbók. MSS24010162

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu matsnefndar um stofnframlag frá Reykjavíkurborg vegna Safamýri 58-60, endurnýjuð umsókn: 32 leiguíbúðir; nýbygging Safamýri 58-60, áætlað stofnvirði 1.887.090.996 kr. og 12% stofnframlag 226.450.920 kr. Ofangreind tillaga var samþykkt af matsnefnd vegna veitingar stofnframlaga 23. janúar 2024.

Samþykkt.

Halldóra Káradóttir, Karl Einarsson og Ívar Örn Ívarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23090003

10. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu matsnefndar um stofnframlag frá Reykjavíkurborg vegna Haukahlíðar 6, endurnýjuð umsókn: 79 leiguíbúðir; nýbygging Haukahlíð 6, áætlað stofnvirði 4.562.207.645 kr. og 12% stofnframlag 547.464.917 kr. Ofangreind tillaga var samþykkt af matsnefnd vegna veitingar stofnframlaga 23. janúar 2024.

Samþykkt.

Halldóra Káradóttir, Karl Einarsson og Ívar Örn Ívarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS23090003

11. Lagðar fram tillögur borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, að viðaukum við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024. Greinargerð fylgir tillögunum.  
Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS24010023

12. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, varðandi tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2025-2029, ásamt fylgiskjölum.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. FAS24010022

13. Lagt fram bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 18. desember 2023, varðandi gjaldskrá slökkviliðsins, ásamt fylgiskjölum. Einnig lögð fram umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 3. janúar 2024.  
Vísað til borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti. MSS23120117

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Hækka á gjaldskrá slökkviliðsins. Hækkun milli ára er því um 10%. Flokkur fólksins minnir á að gjaldskrárhækkun þessi fer beint út í verðlagið sem hefur áhrif á verðbólgu sem nú fyrst er farin að lækka. Ef Slökkviliðið og Reykjavíkurborg vilja leggja sitt af mörkum til að ná niður verðbólgu er gjaldskrárhækkun ekki aðferðin.

14. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 30. janúar 2024, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar vegna íbúðar- og atvinnuhúsnæðis við Nauthólsveg 79, ásamt fylgiskjölum.  
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS24010215

15. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að verklagsreglum vegna samninga Reykjavíkurborgar og lóðahafa um list í almannarými.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. MSS24010229

16. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til við borgarráð að samþykkt verði að Reykjavíkurborg styðji umsókn Handknattleikssambands Íslands til Alþjóðahandknattleikssambandsins um að halda heimsmeistaramót í handbolta í nýrri þjóðarhöll í Laugardal 2029 eða 2031

með sérstakri viljayfirlýsingu. Umsókn HSÍ um að halda heimsmeistaramótið er í samstarfi við handknattleikssamböndin í Danmörku og Noregi. Samþykkt viljayfirlýsingarinnar er háð því að sambærileg viljayfirlýsing berist frá meðeiganda þjóðarhallarinnar, íslenska ríkinu.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS24010239

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráð samþykkir viljayfirlýsingu um að Reykjavíkurborg styðji umsókn Handknattleikssambands Íslands til Alþjóðahandknattleikssambandsins um að halda heimsmeistaramót í handbolta í nýrri þjóðarhöll í Laugardal 2029 eða 2031. Umsókn Handknattleikssambands Íslands um að halda heimsmeistaramótið er í samstarfi við handknattleikssamböndin í Danmörku og Noregi. Samþykktin er háð því að sambærileg viljayfirlýsing berist frá meðeiganda þjóðarhallarinnar, íslenska ríkinu.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Sósíalistar sitja hjá í stuðningsyfirlýsingu með Handknattleikssambandi Íslands. Það byggir ekki á afstöðu Sósíalista til íþróttagreinarnar. Handknattleikur er ein af þjóðariþróttum Íslendinga og á allt gott skilið. Afstaðan byggir á ákvörðun handknattleikssambandsins um að þiggja blóðpeninga af fyrirtækinu Rapyd, sem hefur lýst yfir afgerandi stuðningi við þjóðarmorð á Palestínunöfnum. Hafði sú yfirlýsing verið gefin út áður en sambandið gekk frá samningum um styrk frá fyrirtækinu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

HM í handbolta var haldið hér á landi 1995. Í aðdragandanum var Laugardalshöllin stækkuð. Lítil ávinningur var af því að halda keppnina þá. Talsverð útgjöld og fáir áhorfendur á flestum leikjum. Hér er þó sá munur á að nú á að vera í samfloti með handknattleikssamböndum í Danmörku og Noregi. Það er gott, en verður þjóðarhöllin komin 2029? Það er út af fyrir sig ekki á það bætandi að fara að lofa því úti í heimi að þetta hús verði klárt til notkunar á þessum tíma. Þegar sótt er um svona verkefni þarf að hafa í huga áhrifin á nærsamfélagið. Fyrir íþróttafélögin í hverfinu myndi þetta væntanlega þýða að þeim yrði úthýst í minnst 4 vikur og mögulega allt upp í 8 vikur bæði út úr þjóðarhöllinni og Laugardalshöllinni.

17. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð hafni hjálagðri beiðni Jóns Ingvars Pálssonar, dags. 1. desember 2023, um kaup á stytta af séra Friðrik Friðrikssyni, með vísan til hjálagðrar umsagnar Listasafns Reykjavíkur, dags. 18. desember 2023, sem og hjálagðs minnisblað embættis borgarlögmanns, dags. 26. janúar 2024.

Samþykkt. MSS23110034

18. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 30. janúar 2024, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð hafni hjálagðri beiðni Birgittu Spur, ekkju Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara, um tilkall til stytta af séra Friðriki Friðrikssyni, dags. 1. desember 2023, með vísan til hjálagðrar umsagnar Listasafns Reykjavíkur, dags. 18. desember 2023, sem og hjálagðs minnisblaðs embættis borgarlögmans, dags. 26. janúar 2024.

Samþykkt. MSS23110034

19. Lögð fram auglýsing um skrá yfir þau störf hjá Reykjavíkurborg sem eru undanþegin verkfallsheimild, dags. 22. janúar 2024. MOS24010020
20. Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. janúar 2024, varðandi sex mánaða skýrslu Betri samgangna ohf. um stöðu og framgang verkefna samgöngusáttmálans, ásamt fylgiskjöllum. MSS23070018

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Miklar verðhækkanir hafa orðið, einkum í verklegum framkvæmdum, auk þess sem ljóst er að kostnaðaráætlanir Borgarlínu voru vanáætlaðar. Tímalína er enn óljós af ýmsum ástæðum. Í raun má segja að þetta verkefni hafi tekið á sig allt aðra mynd en upphaflega var farið af stað með. Engin af þessum stærstu breytum halda, t.d. kostnaðaráætlun eða tímalína. Flokkur fólksins setti strax í upphafi spurningarmerki við hina miklu óvissu sem fylgir svo stóru verkefni. Flokkur fólksins hefur viljað að áhersla sé lögð á almenningsamgöngur, þær einu sem til eru sem er Strætó bs. Öllum hlýtur nú að vera ljóst að langt er í að Borgarlína sem slík virki. Mikið vatn hefur runnið til sjávar eftir að farið var af stað í þessa bjartsýnisferð. Þjóðin hefur þurft að takast á við áföll, COVID og eldgos svo það helsta sé nefnt. Þessir þættir hafa áhrif á fjármálastöðugleika sem hlýtur síðan að hafa áhrif á framvindu samgöngusáttmála. Fulltrúa Flokks fólksins finnst stundum sem Betri samgöngur séu ekki alveg í tengslum við þann raunveruleika þegar félagið ræðir og kynnir stöðu Borgarlínu.

21. Lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 1. febrúar 2024, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við skýrslu um betri rekstur og afkomu bílastæðahúsa, sbr. 26. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. nóvember 2023. MSS23020131

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins óskaði eftir svari við fyrirspurn um kostnað við skýrslu um betri rekstur og afkomu bílastæðahúsa og var áhugi á að vita hvað þessi skýrsla kostaði með tilheyrandi vinnu sem hún krafðist. Fram kemur að samantekinn kostnaður Reykjavíkurborgar vegna skýrslu um betri rekstur og afkomu bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs er 7.036.937 krónur. Tveir reikningar bárust vegna skýrslunnar, annars vegar fyrir ráðgjöf í tengslum við bílastæðahús að upphæð 789.437 krónur og hins vegar ráðgjöf við starfshóp um betri rekstur og afkomu bílahúsa Bílastæðasjóðs að upphæð 6.247.500 krónur. Fulltrúa Flokks fólksins finnst að það sem skipti máli með svona skýrslur sé hvort eitthvað kom út úr þessu sem leiðir til betri rekstrar Bílastæðasjóðs. Ef að skýrslan sparar t.d. 15 milljónir og kostar 7 þá ætti það að skila einhverju. Hvergi kemur fram í þessu máli hvaða ávinningi þessi skýrsla skilaði. Stundum er nauðsynlegt að taka út rekstur ýmissa hluta Reykjavíkurborgar til að reyna að ná fram hagræðingu en var þessi skýrsla ein af þeim sem skilaði hagræðingu?



22. Lögð fram fundargerð fjölmeningarráðs frá 26. janúar 2024. MSS24010005
23. Lögð fram fundargerð innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 25. janúar 2024. MSS24010008
24. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Háaleitis og Bústaða frá 23. janúar 2024. MSS24010013
25. Lögð fram fundargerð íbúaráðs Miðborgar og Hlíða frá 25. janúar 2024. MSS24010016
26. Lögð fram fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 18. desember 2023. MSS23010018

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska bókað að þeir hafi sérstaklega vakið athygli borgarráðs á fimmta dagskrárlið fundargerðar Orkuveitunnar frá 18. desember 2023 þar sem er getið úttekta á stjórnarháttum við miðlun upplýsinga innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, sem unnin var að beiðni stjórnar Ljósleiðarans frá 16. janúar 2023 og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 27. mars 2023.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þessi fundargerð sérkennileg. Gögnin gefa ekki færi á að hafa skoðun á neinu sem þarna fer fram, það er ekkert efnislegt í þessari fundargerð.

27. Lagðar fram fundargerðir umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. og 31. janúar 2024. 5. liður fundargerðarinnar frá 24. janúar og 6. liður fundargerðarinnar frá 31. janúar eru samþykktir. MSS24010031

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 1. og 4. lið fundargerðarinnar frá 31. janúar:

1. liður: Göngustígur hefði átt að vera vestan megin og hjólaleiðin austan megin. Gangandi eru settir skuggamegin og sitji þeir á bekk á áningastöðum brúarinnar að degi til þegar sól er hæst á lofti er sólin í bakið. Hér er verið að hygla hjólreiðamönnum. Upplifun gangandi vegfarenda af sjávarsýn tapast þegar horft er yfir brú, handrið og strætisvagn. Fullyrt er að þessi tilhögun sé til að minnka þveranir sem stenst ekki því þegar þær eru taldar sést að þær eru jafn margar hvort sem hjólreiðamenn fara vestan eða austan megin. 4. liður: Bókun undir 2. lið afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. janúar. Ábending hefur borist frá borgarbúa. Um er að ræða umsókn um leyfi fyrir svalaskýli við vesturgöng á svölum á Rafstöðvarvegi 31. Leyfið var veitt en þegar fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. janúar er birt sést hvorki tangur né tetur af málinu í henni, eins og það hafi aldrei verið lagt fyrir fundinn. Umsækjendur höfðu meira að segja fengið tölvupóst eftir fundinn frá starfsmanni þar sem staðfest var samþykki, þ.e. að leyfið hafi verið veitt. Nú er málið afgreitt neikvætt því það samræmist ekki hverfisskipulagi. Fulltrúi Flokks fólksins telur sig knúinn til að draga þessa óeðlilegu afgreiðslu fram í bókun. Einnig hefur verið lögð fram formleg fyrirspurn.

28. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls fimm mál. MSS24010231

29. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019. MSS24010230

30. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir samantekt á fyrirspurnum og tillögum sem enn er ósvarað/óafgreiddar sem lagðar hafa verið fram af Flokki fólksins á þessu og/eða síðasta kjörtímabili í borgarráði.

Vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar. MSS24020003

31. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hvað er skóla- og frístundasvið/-ráð að gera um þessar mundir til að leysa mannekluvanda leikskóla? Hefur verið kannað hvað veldur því að mannekla er meira vandamál í sumum leikskólum en öðrum? Er verið að umbuna þeim leikskólum þar sem lítil eða engin starfsmannavelta er? Nýlega var ráðinn mannauðsstjóri til viðbótar við þá átta sem fyrir voru. Hefur þessi nýja staða haft áhrif á mannekluvanda leikskóla? Hvað hefur Afleysingastofu tekist að ráða marga starfsmenn í leikskóla síðasta ár?

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.  
Greinargerð fylgir fyrirspurninni. MSS24020005

32. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Skólabókasöfn vinna ómetanlegt starf. Mikilvægt er að bókasafn skóla vaxi með börnunum og geti á hverjum tíma rétt hverjum einstaklingi bók og bækur sem henta viðkomandi á hverjum tíma. Hvað er skóla- og frístundasvið að gera til að styrkja skólabókasöfn í borginni svo þau geti vaxið og dafnað enn frekar?

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.  
Greinargerð fylgir fyrirspurninni. MSS24020004

33. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nýlega fengum við sláandi niðurstöður úr alþjóðlega mælitækinu PISA. Hvað er skóla- og frístundasvið að gera um þessar mundir til að bregðast við þessum niðurstöðum? Hvaða breytingar eru í farvatninu til að snúa þessari neikvæðu þróun í átt til jákvæðari vegar? Hverja aðra á að kalla að þessu borði? Á að taka mið af alþjóðlegum vísindum? Hvaða raunhæfu markmið á að setja sem ekki hafa áður verið sett? Hvaða mælitæki á að nota sem ekki hafa verið notuð áður? Á að skoða aftur að bjóða skólum borgarinnar að kynnast verkefninu Kveikjum neistann? Hvaða nýjar nálganir á að skoða til að bæta ekki aðeins árangur nemenda heldur einnig líðan?

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. MSS24020001

34. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Samkvæmt rannsóknum er hreyfing lykilatriði í námsástundun til að ná góðum árangri. Er skóla- og frístundasvið að leita leiða til að auka hreyfingu barna eða skapa fleiri tækifæri fyrir nemendur að stunda hreyfingu eða markvissa þjálfun? Hvað nýju nálganir á að skoða til að bæta ekki aðeins árangur nemenda heldur einnig líðan? Er í kortunum að skóla- og frístundasvið beiti sér fyrir að fylgst sé með líðan barna í grunnskólum borgarinnar með einföldum matstækjum?

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. MSS24020002

35. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

Óskað er eftir yfirliti yfir fjölda starfandi leikskólakennara í borgar- og einkareknum leikskólum.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs. MSS24020006

### **Fundi slitið kl. 11:40**

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Andrea Helgadóttir  
Dóra Björt Guðjónsdóttir  
Hildur Björnsdóttir

Árelía Eydís Guðmundsdóttir  
Heiða Björg Hilmisdóttir  
Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir